



Umsögn

Efni: Þjónustusamningur um framlag vegna barna í sjálfstætt starfandi reknunum grunnskólum í Reykjavík sem nýta frístundarheimili

Viðtakandi: Borgarstjóri

Sendandi: Fjármálastjóri

Óskað hefur verið eftir umsögn fjármálaskrifstofa á tillögu Skóla- og frístundasviðs um að gerður verði þjónustusamningur við sjálfstætt rekna grunnskóla í Reykjavík vegna reksturs frístundaheimila þeirra. Með tillögunni fylgja minnisblöð sviðsstjóra SFS dags. 18. janúar 2019 og 25.febrúar 2019 ásamt kostnaðarmati, drög að þjónustusamningi og umsögn Samtaka sjálfstæðra skóla dags. 1. febrúar 2019.

Tillaga og breyting frá núverandi fyrirkomulagi

Tillagan felur í sér að vegna skólaáranna 2018-2019, 2019-2020 og 2020-2021, verði gerð breyting á framlagi Reykjavíkurborgar til sjálfstætt starfandi rekinna grunnskóla vegna reksturs frístundaheimila þeirra.

Núverandi fyrirkomulag felur í sér að greiddur er mismunur á gjaldskrá sjálfstætt starfandi rekinna grunnskóla vegna reksturs frístundaheimilis og gjaldskrá borgarrekinnna frístundaheimila. Þannig eru greiddar kr. 5.000 ef sjálfstætt rekinn skóli innheimtir kr. 20.000 á mánuði vegna þriggja tíma frístundar fimm daga vikunnar en gjald Reykjavíkurborgar er kr. 15.000 á mánuði. Til viðbótar er greitt framlag vegna stuðnings við börn með sérþarfir og systkinaafsláttur.

Lagt til að þessu fyrirkomulagi verði breytt og að framlagið verði byggt á áætluðum heildarkostnaði (án húsnæðiskostnaðar) við börn í borgarreknum frístundaheimilum, á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 9,5 mánaða tímabil. Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert barn nemi 75% af áætluðum heildar rekstrarkostnaði á ári á hvert barn borgarrekinnna frístundaheimila deilt með 9,5. Þ.e. 5,25 mánuðir á vorönn og 4,25 mánuðir á haustönn. Heildarkostnaður miðast við barn í 5 daga vistun á viku og ef barn dvelur skemur en 5 daga verði kostnaðurinn hlutfallaður skv. eftirfarandi.

- Fyrir barn í 5 daga í vistun eða yfir 17 tíma í viku er greitt fullt framlag.
- Fyrir barn í 4 daga í vistun eða 13 til 16 klukkutíma á viku er greitt 80% framlag
- Fyrir barn í 3 daga í vistun eða 9 til 12 klukkutíma á viku er greitt 60% framlag
- Fyrir barn í 2 daga í vistun eða 5 til 8 klukkutíma á viku er greitt 40% framlag
- Fyrir barn í 1 dag í vistun eða 1 til 4 klukkutíma á viku er greitt 20% framlag

Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir að veittir verði systkinaafslættir á sama hátt og fyrir borgarrekna grunnskóla.



Kostnaðarmat SFS

Kostnaðarmat SFS má sjá í eftirfarandi töflu:

Árlegur kostnaður	Einingaverð	Heildarverð
Barnafjöldi 319		
Kostnaður p. barn	114.000	36.366.000
Systkinaafsláttur	29.121	9.289.599
Stuðningsþjónusta	15.336	4.892.184
Samtals kostnaður		50.547.783

Kostnaður vegna haustannar 2018	Einingaverð	Heildarverð
Barnafjöldi 319		
Kostnaður p. barn	47.246	15.071.626
Systkinaafsláttur	13.028	4.155.873
Stuðningsþjónusta	6.861	2.188.609
Samtals kostnaður		21.416.108

Helstu forsendur í kostnaðarmati SFS eru:

- Í áætlun SFS er gert ráð fyrir að fjöldi barna í frístund sé **319** en gert er ráð fyrir að um 70% barna í skólunum sæki frístundaþjónustu skólanna.
- Árlegt einingaverð pr. barn er áætlað **kr. 114.000**. Fjárhæðin er fengin með því að gera ráð fyrir að rekstrarframlag fyrir hvert barn nemi 75% af áætluðum heildarrekstrarkostnaði borgarrekkinna frístundaheimila leiðrétt fyrir 5 daga vistunargildi skv. mati SFS.
- Gert er ráð fyrir að árlegur heildarkostnaður við systkinaafslátt nemi **kr. 9.289.599**. Fjárhæðin byggist á gjaldskrá frístundar í borgarreknum grunnskólum og miðast fjöldi þeirra barna sem fá systkinaafslátt við sama hlutfall og í borgarreknum grunnskólum. Við mat á fjölda barna hefur ekki verið tekið tillit til fyrirhugaðrar breytingar á reglum um systkinaafslátt.
- Að lokum er áætlað að árleg stuðningsþjónusta nemi **kr. 4.892.184** en gert er ráð fyrir að 1% barna í frístund þurfi á stuðningsþjónustu að halda skv. mati SFS.
- Kostnaður vegna haustannar 2018 er áætlaður **21,4 m.kr.** en vegna manneklu í frístundaheimilum borgarinnar er gert ráð fyrir að fjárhæðin rúmist innan ramma SFS.

Samkvæmt kostnaðarmati SFS er gert ráð fyrir að árlegur heildarkostnaður við þjónustusamninginn geti numið **50,5 m.kr.**



Umsögn

Yfirferð fjármálaskrifstofu sýnir eftirfarandi niðurstöðu:

Árlegur kostnaður	Kostnaðarmat FMS		Kostnaðarmat SFS	
	Einingaverð	Heildarverð	Einingaverð	Heildarverð
Kostnaður pr barn	118.982	32.601.129	114.000	36.366.000
Systkinaafsláttur	29.191	7.998.259	29.121	9.289.599
Stuðningsþjónusta	15.336	4.202.064	15.336	4.892.184
		44.801.452		50.547.783
Fjárheimild 2019	-	7.000.000		
Árlegur heildarkostnaður		37.801.452		50.547.783

- Við yfirferð útreikninga SFS kom í ljós að viðmiðunartalan 319 um fjölda barna sem notuð er í útreikningunum er ekki samræmi við gefnar forsendur um að 70% barna í grunnskólum sæki frístundaþjónustu. Samkvæmt rauntölum haustönn 2018 er heildarfjöldi barna í viðkomandi árgöngum 391. Sé gert ráð fyrir að 70% sæki frístundaþjónusta þá miðast útreikningar við 274 börn. Kostnaðarmat FMS miðar við þann fjölda.
- Þá er gert ráð fyrir að árlegt einingaverð pr. barn sé **kr. 118.982** en ekki **kr. 114.000**, en skýrist munurinn af því að eftir átti að verðbæta fjárhæðir sem liggja til viðmiðunar.
- Fjárhæðir um systkinaafslátt og stuðningsþjónustu er breytt til samræmis við breytingu á forsendu um fjölda barna.
- Að lokum er miðað við að innan ramma sviðsins sé nú þegar fjárheimild vegna frístundar sjálfstætt starfandi grunnskóla að fjárhæð **7 m.kr.** Á árinu 2017 voru greiddar 7,3 m.kr. til sjálfstætt rekinna frístundaheimila og fjárhæðin á árinu 2018 nam 6,4 m.kr.

Samtals má því ætla að nýtt samkomulag kosti Reykjavíkurborg allt að 37,8 m.kr. á ársgrundvelli ef tekið er mið af framlögum fyrri ári til einkarekinna skóla.

Niðurstaða

Umtalsverður afgangur hefur verið af rekstri frístundahluta skóla- og frístundasviðs sl. ár. Að hluta til má rekja það til manneklu, eins og fram kemur í greinargerð sviðsins með erindinu. Ekki hefur farið fram greining á því hver fjárhagsleg staða sviðsins er vegna frístundaþjónustu eftir fyrstu mánuði ársins 2019. Allt bendir þó til að áfram verði umtalsverður afgangur á frístundahluta. Af þeim sökum mælir fjármálaskrifstofa með að fjárheimildir verði ekki auknar að svo stöddu, heldur farið yfir málið þegar 6 mánaða uppgjör sviðsins liggur fyrir.

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri